

Tillögur til breytinga

á lögum Rauða krossins á Íslandi Lagðar fram á aðalfundi Rauða krossins á Íslandi, 9. maí 2026

Flm: Sigríður Stefánsdóttir, formaður Rauða krossins á Íslandi, Jón Ásgeirsson, varaformaður Rauða krossins á Íslandi, Arnbjörg Sveinsdóttir, stjórnarmaður, Auðbjörg Brynja Bjarnadóttir, stjórnarmaður, Ingibjörg Ásta Bjarnadóttir, stjórnarmaður, Ívar Kristinsson, stjórnarmaður, Magnea Gná Jóhannsdóttir, stjórnarmaður, Óttarr Ólafur Proppé, stjórnarmaður, Símon Friðrik Símonarson, stjórnarmaður, Valgerður Bláklukka Fjölnisdóttir, stjórnarmaður, Unnsteinn Ingason, stjórnarmaður, Árni Jóhannsson, varamaður.

Almennt

Stjórn Rauða krossins á Íslandi skipaði laganefnd á fundi stjórnar þann 18. júní 2025. Nefndinni var ætlað að gera tillögur til breytinga á lögum félagsins. Til þess að uppfylla þá tímafresti sem löggin kveða á um fyrir lagabreytingar, þá var laganefndinni gefinn frestur til að skila inn tillögum til stjórnar félagsins fyrir desemberfund stjórnar.

Í nefndina voru skipuð eftirfarandi: Arnbjörg Sveinsdóttir formaður, Gunnar Frímannsson, Kristjana Fenger og Magnea Gná Jóhannsdóttir. Starfsmaður nefndarinnar er Jón Brynjar Birgisson. Fljótlega eftir að nefndin tók til starfa sagði Kristjana Fenger sig frá nefndarstörfum. Aðrir nefndarmenn héldu vinnunni áfram.

Meginhlutverk laganefndarinnar var að yfirfara löggin í heild sinni og óska eftir tillögum til lagabreytinga frá deildum. Það sem stjórn fól nefndinni að skoða sérstaklega var að:

- Skýra út ferlið þegar formaður lætur af störfum og varaformaður tekur við (9. gr.).
- Skoða tímamörk í tengslum við sameiningu deilda.
- Skoða ákvæði varðandi lögmati aðalfundar sbr. 1. tl. 7. gr.
- Skoða siðanefnd og hlutverk hennar.
- Skoða önnur óljós ákvæði sem laganefnd telur að skýra megi betur út og önnur verkefni sem koma upp við yfirferð og endurgjöf.

Nefndin hélt fjóra fundi; tvo staðfundir og tvo fjarfundir auk samtala og tölvupóstsamskipta milli funda. Tvær deildir, Eyjafjarðardeild og Múlasýsludeild

skiluðu inn tillögum til lagabreytinga í því samráðsferli sem nefndinni var ætlað að hafa við deildir. Nefndin tók tillit til tillagna deildanna í tillögum sínum til stjórnar.

Stjórn tók afstöðu til tillagna nefndarinnar á janúarfundi stjórnar og gerði að sínum í meginráttum. Ungmennaráð Rauða krossins lagði sömuleiðis til breytingar sem miða að því að styrkja stöðu ungs fólks í félaginu. Stjórn tók ekki tillit til tillagna ungmennaráðs en ungmennaráð leggur hins vegar til sjálfstæðar tillögur.

Stjórn Rauða krossins á Íslandi leggur tillögurnar fram í heild og leggur til við aðalfund Rauða krossins á Íslandi, 9. maí 2026 að hann samþykki þær.

Tillögur til lagabreytinga

Fyrsta breytingartillaga

Lagt er til að eftirfarandi falli brott úr 1. tl. 7. gr.: *...minnsta kosti helmingur fulltrúa sækir fundinn. Náist ekki lágmarksfjöldi á boðuðum aðalfundi skal annar fundur haldinn innan tveggja mánaða og telst hann löglegur óháð fjölda fulltrúa á fundinum.*

Lagt er til að eftirfarandi setningu verði bætt við í lok töluliðsins: *Í undantekningartilfellum, s.s. vegna óveðurs, farsóttu eða náttúruhamfara, er heimilt að halda fundinn í gegnum fjarfundabúnað, hvort sem er að hluta til eða öllu leyti. Meginreglan verði hins vegar sú að aðalfundur sé staðfundur.*

Rökstuðningur:

Fyrri breyting: Hér er lagt til að íþyngjandi ákvæði sé felld á brott úr lögum sem tíðkast almennt ekki í félagasamtökum. Almennt gildir að aðalfundur sé löglegur ef löglega er til hans boðað og er lagt til að sá háttur verði hafður á hjá Rauða krossinum. Fyrirkomulag varðandi aðalfund Rauða krossins á Íslandi er sömuleiðis fært til samræmis við þann hátt sem hafður er á varðandi boðun og þátttöku á aðalfundum deilda.

Seinni breyting: Aðalfundur Rauða krossins var haldinn í gegnum fjarfundabúnað árið 2020 án þess að fyrir því lægi eiginleg lagastoð. Með breytttri tækni munu fundahöld af þessu tagi verða einfaldari í framkvæmd. Stjórnin er þó þeirrar skoðunar að staðfundur eigi að vera meginreglan.

Önnur breytingartillaga

Lagt er til að reiknilíkan í a-staflið, 3.tl. 7. gr. varðandi fulltrúa á aðalfundi verði einfaldað,:

Stafliðurinn verður svohljóðandi:

Fulltrúafjöldi miðast við íbúafjölda á starfssvæði deilda.

Starfssvæði með allt að 3.000 íbúa tilnefnir 1 fulltrúa.
Starfssvæði með 3.001 til 5.000 íbúa tilnefnir 2 fulltrúa.
Starfssvæði með 5.001 til 8.000 íbúa tilnefnir 3 fulltrúa.
Starfssvæði með 8.001 til 12.000 íbúa tilnefnir 4 fulltrúa
Starfssvæði með 12.001 til 18.000 íbúa tilnefnir 5 fulltrúa
Starfssvæði með 18.001 til 24.000 íbúa tilnefnir 6 fulltrúa
Starfssvæði með 24.001 íbúa kýs einn fulltrúa fyrir hverja 8000 íbúa
umfram 24.000 til viðbótar hinum sex. Þó skal engin deild tilnefna
fleiri fulltrúa á aðalfund en aðrar deildir til samans hafa rétt á.

Íbúafjöldi miðast við mannfjöldaskrá Hagstofunnar 1. desember liðins árs. Deildir skulu tilkynna landsskrifstofu um nöfn fulltrúa sinna á aðalfundi mánuði fyrir aðalfund. Launað starfsfólk getur ekki setið aðalfund sem fulltrúar deilda. Hver fulltrúi fer með eitt atkvæði og getur enginn fulltrúi farið með atkvæði í umboði annars.

Rökstuðningur: Um talsverða einföldun er að ræða varðandi útreikning á fulltrúavægi. Breytingin hefur litlar sem engar breytingar í för með sér fyrir litlar og meðalstórar deildir. Gildandi reiknilíkan er greint niður í mun fleiri flokka fyrir íbúafjölda yfir 24.000 sem er óþarft, að mati stjórnar. Höfuðborgarsvæðisdeild kemur til með að bæta við sig tveimur fulltrúum við breytinguna (fer úr 32 í 34). Aðrar deildir halda sínu atkvæðavægi, miðað við mannfjöldatölur Hagstofunnar 1. janúar 2025.

Priðja breytingartillaga

D-stafliður, 8. tl. 7. gr.: Í stað orðsins „tekna“ komi orðin „sameiginlegra tekjustofna“. Greinin verður þannig eftirfarandi: *Tillögur stjórnar um skiptingu sameiginlegra tekjustofna milli verkefna og deilda næstu tvö ár, sbr. 2.-4. mgr. 13. gr.*

Rökstuðningur: Tekjur félagsins eru með ýmsum hætti, sumar eru samningsbundnar og eyrnamerkta og aðrar eru af sameiginlegum tekjustofnum. Með breytingunni er gert ljóst hvað átt er við.

Fjórða breytingartillaga

14. tl. 7. gr. Nokkrar breytingar eru lagðar til á þessari grein. Viðbætur eru auðkenndar með feitletrun hér fyrir aftan: **Allir lögráða félagar í Rauða krossinum á Íslandi með óflekkað mannorð eru kjörgengir í stjórn. Framboð til stjórnar skulu berast landsskrifstofu að minnsta kosti tveimur vikum fyrir aðalfund. Stjórnarfólk má hvorki vera launað starfsfólk né verktakar hjá félaginu og skal ekki tengjast framkvæmdastjóra eða fjármálastjóra nánum fjölskylduböndum, þ.e. foreldrar, makar, börn og systkini eða tengjast með sama hætti vegna ættleiðingar. Hlutfall eins kyns skal ekki vera hærra en 60% og varamenn skulu ekki vera af sama kyni.**

Formaður og varaformaður mega ekki vera virkir í stjórnámálum á landsvísu. Seta í stjórn er háð eftirfarandi tímatakmörkunum.

Breytingatillögur í einstaka staflaðum 14. tl. 7. gr. fylgja hér á eftir.

Rökstuðningur: Mikilvægt er að í stjórn sitji ekki fólk sem hlotið hefur dóm án þess að hann sé að fullu afplánaður. Óflekkað mannorð merkir í lögum að einstaklingur hafi ekki hlotið dóm eða hafi afplánað dóm að fullu. Sömuleiðis er lagt til að hugtakið *lögráða* sé nýtt í stað *18 ára og eldri*, enda er skilgreining lögræðis víðtækari en að hún miðist einungis við tiltekinn aldur.

Fimmta breytingartillaga

C-staflaður, 14. tl. 7. Gr.: Leiðrétting málfræðivillu: ...**önnur** en formaður...

Rökstuðningur: Þarfnast ekki skýringa.

Sjötta breytingartillaga

Nýr e-staflaður í 14. tl. 7. gr.: *Ef formaður hættir störfum skal varaformaður taka við embætti formanns fram að næsta aðalfundi. Stjórn kýs þá nýjan varaformann úr sínum röðum, sem situr sömuleiðis fram að næsta aðalfundi.*

Rökstuðningur: Bæði formaður og varaformaður félagsins sækja umboð sitt til aðalfundar. Hér er sú heimild veitt að stjórn hafi heimild til bráðabirgða til að skipa nýjan varaformann ef sá sem fyrir er segi sig frá stjórnarsetu eða taki sæti formanns.

Sjöunda breytingartillaga

Nýr f-staflaður 14. tl. 7. gr.: *Sé varaformaður kjörinn formaður skal aðalfundur kjósa varaformann. Hafi fráfarandi varaformaður sinnt stjórnarsetu á fyrri helmingi kjötímabils síns skal á næsta aðalfundi kjósa varaformann til tveggja ára í hans stað.*

Rökstuðningur: Breytingin er til samræmis við sjöttu breytingatillögu. Greinin miðar sömuleiðis að því að tryggja að formaður og varaformaður séu kjörnir á víxl, þ.e. að ef sú staða kemur upp að kjósa þurfi bæði formann og varaformann á sama fundi skuli varaformaður kosinn til tveggja ára en formaður til fjögurra.

Áttunda breytingartillaga

Sú grein sem áður var e-staflaður í 14. tl. 7. gr. færast niður og verður g-staflaður.

Rökstuðningur: Þarfnast ekki skýringa.

Níunda breytingartillaga

15. tl. 7. gr. Viðbætur eru auðkenndar með feitletrun hér fyrir aftan: *Aðalfundur kýs þrjá fulltrúa í siðanefnd til tveggja ára. **Nefndin vinnur samkvæmt siðareglum félagsins, sem samþykktar eru á aðalfundi félagsins, við afgreiðslu þeirra mála sem vísað er til hennar. Siðanefnd skal setja sér málsmeðferðarreglur sem kynna skal stjórn. Stjórn er heimilt er heimilt að leita ráðgefandi álits siðanefndar í viðurhlutamiklum málum sem falla ekki með beinum hætti undir hlutverk siðanefndar skv. lögum þessum. Einn nefndarfulltrúi skal vera lögfræðingur, a.m.k. einn nefndarfulltrúa skal vera félagi í Rauða krossinum á Íslandi. Hámarkssetutími í siðanefnd er fjögur kjörtímabil, þ.e. átta ár í röð.***

Rökstuðningur: Tillagan er lögð fram að undirlagi siðanefndar, með fullum stuðningi stjórnar. Með breytingunni er stjórn falin sú heimild að leita ráðgefandi álits nefndarinnar í ákveðnum málum..

Tíunda breytingartillaga

18. tl. 7. gr. Eftirfarandi er bætt aftast í greinina: *...og birt á vef félagsins.*

Rökstuðningur: Með breytingunni er aðalfundarsamþykkt frá 2022 lögfest.

Ellefta breytingartillaga

Lagt er til að 8. tl. 8. gr. falli brott, enda er svipað ákvæði að finna 3. tl. 23. gr. sem nefndin leggur til að verði uppfærð, sbr. tuttugasta og fjórða breytingartillaga.

Við breytinguna munu 9.-14. tl. sömu greinar færast upp.

Rökstuðningur: Breytingin skýrir sig sjálf.

Tólfta breytingartillaga

4. tl. 1.mgr. 10.gr. – Við töluliðinn bætist: „auk eins fulltrúa frá hverri deild sem deildarstjórn tilnefnir.“ Málsliðurinn hljóðar þá svo: “Rétt til setu á formannafundi hefur stjórnarfólk og formenn allra deilda eða staðgenglar þeirra, auk eins fulltrúa frá hverri deild sem deildarstjórn tilnefnir. Þá hefur formaður ungmennaráðs seturétt á fundinum.”

Rökstuðningur: Lagt er til að frá hverri deild geti komið tveir fulltrúar á formannafund. Er þar verið að koma til móts við tillögur Múlasýsludeildar og umræður á formannafundi 2025 um að með sameiningu deilda á síðustu árum hafi þátttakendum fækkað verulega á formannafundum. Mikilvægt er að þátttaka á slíkum fundum verði það mikil að gagnleg umræða náist.

Ungmennaráð leggur sömuleiðis til að fulltrúi þess hafi aðkomu að formannafundi. Stjórn tekur undir þau sjónarmið og leggur þau fram í tillögum sínum.

Prettánda breytingartillaga

1.tl. 11. gr. Lagt er til að orðið *daglegur/daglegan* verði felld á brott. Greinin stendur þá eftirfarandi breytt: *Framkvæmdastjóri annast rekstur Rauða krossins á Íslandi í umboði stjórnar félagsins og skal hlíta stefnu félagsins og fyrirmælum stjórnar. Rekstur félagsins tekur ekki til ráðstafana...* (framhaldið er óbreytt).

Rökstuðningur: Breytingin hefur ekki í för með sér eðlisbreytingu á ábyrgðarsviði framkvæmdastjóra en orðalag er einfaldað.

Fjórtánda breytingartillaga

2. tl. 11. gr. Lagðar eru til orðalagsbreytingar varðandi þátttöku framkvæmdastjóra og staðgengils hans í stjórnámálum á landsvísu. Breytt setning er svohljóðandi: *Framkvæmdastjóri og staðgengill mega ekki vera virkir í stjórnámálum á landsvísu með því að vera félagar í stjórnálasamtökum eða tala máli þeirra.*

Rökstuðningur: Skýra þarf betur hvað felist í stjórnálapátttöku framkvæmdastjóra. Þar takast á sjónarmið um lýðræðislegan rétt borgara annars vegar og hlutleysi félagsins hins vegar.

Fimmtánda breytingartillaga

2. tl. 12. gr. Lagt er til að greininni sé breytt, enda má skilja sem svo að deildir séu ekki fullgildur hluti af félaginu, eins og greinin stendur. Breytt setning er svohljóðandi: *Landsskrifstofa samræmir vinnubrögð í félaginu og fer með gæðastjórnun, svo sem varðandi fræðslu, upplýsingamiðlun og sjálfboðaliðamál.*

Rökstuðningur: Rauði krossinn á Íslandi er eitt félag skv. lögum nr. 115/2014. Orðalagið í greininni er ekki í þeim anda í gildandi lögum og þarf því að taka breytingum.

Sextánda breytingartillaga

3. tl. 13. gr. Orðalagi er breytt í samræmi við heiti kaflans. Breytt setning er svohljóðandi: **Ráðstöfun tekna** skal grundvallast á stefnu og áhersluverkefnum. Sá hluti tekna sem fer til deilda skal vera tengdur verkefnum og virkni deilda.

Rökstuðningur: Þarfnast ekki skýringa.

Sautjándi breytingartillaga

4. t.l. 13. gr. Lagt er til að orðin „tekjuskipting og önnur“ falli brott. Breytt setning er svohljóðandi: **Ráðstöfun fjármuna félagsins skal byggjast á gegnumstreymi fjár þar sem tekjur eru nýttar til grunnrekstrar og áhersluverkefna. Undanþeginn þessu ákvæði er varasjóður skv. 15. gr.**

Rökstuðningur: Þarfnast ekki skýringa.

Átjándi breytingartillaga

1. t.l. 14. gr. Málsgreinin tekur eftirfarandi breytingum (viðbót er auðkennd með feitlettri): Meginhlutverk verkefnasjóðs er að úthluta fé til verkefna á vegum deilda félagsins **og landsdekkandi verkefna** sem samræmast stefnu og grunngildum alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans.

Rökstuðningur: Með breytingunni er stjórn félagsins veitt aukið svigrúm til að ráðstafa fjármagni félagsins til verkefna félagsins, að teknu tilliti til fjárþarfar hverju sinni.

Nítjándi breytingartillaga

2. t.l. 14. gr. Orðið *tekjustofnar* kemur í stað orðsins *tekjur* í upphafi greinarinnar.

Rökstuðningur: Ólíklegt er að hægt sé að ákvarða hverjar tekjur séu fram í tímann, enda taka þær breytingum frá einu ári til annars. Tekjustofna er hins vegar hægt að ákvarða.

Tuttugasta breytingartillaga

Breyting á 16. gr. í heild. Uppröðun greina breytist. Efnislegar breytingar eru **feitiletraðar**. Núverandi grein fylgir til glöggvunar:

Er: 16. gr. Reikningsár félagsins og endurskoðun

1. Reikningsár Rauða krossins á Íslandi er almanaksárið. Deildir skulu eigi síðar en 15. mars ár hvert senda stjórn skýrslur um störf sín og ársreikninga, staðfesta af aðalfundi viðkomandi deildar.

Deildir skulu skila framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun næsta árs til landsskrifstofu eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Standi deild ekki skil á þessum upplýsingum til stjórnar getur stjórnin stöðvað greiðslur til hennar, sbr. 8. t.l. 13. gr.

2. Bókhald Rauða krossins á Íslandi skal fært í eitt bókhaldskerfi. Ársreikningur Rauða krossins er gerður upp sem samstæðureikningur sem

nær til allrar starfsemi félagsins. Fjármálaumsýsla o framsetning reikningsskila deilda skal vera með samræmdum hætti samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar.

3. Einn óháður, löggiltur endurskoðandi skal skoða reikninga alls félagsins árlega og skal hann eða endurskoðunarfélag á hans vegum kjörinn á aðalfundi til tveggja ára. Reikningar deilda skulu endurskoðaðir af sama endurskoðanda í samræmi við ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Tillaga: 16. gr. Reikningsár félagsins, **fjármálaumsýsla** og endurskoðun

1. Reikningsár Rauða krossins á Íslandi er almanaksárið.
2. Ársreikningur Rauða krossins er gerður upp sem samstæðureikningur sem nær til allrar starfsemi félagsins.
3. Einn óháður, löggiltur endurskoðandi skal skoða samstæðureikning félagsins árlega og skal hann eða endurskoðunarfélag á hans vegum kjörinn á aðalfundi til tveggja ára. **Stjórn ákvarðar hvort reikningar deilda eða annarra rekstrareininga innan samstæðunnar séu endurskoðaðir og skal slík skoðun framkvæmd af endurskoðanda samstæðunnar.**
4. Stjórn setur reglur um framsetningu og **endurskoðun ársreikninga, fjármálaumsýslu og upplýsingagjöf deilda.**
5. Deildir skulu árlega skila eftirfarandi til landsskrifstofu:
 - a) skýrslu deildarstjórnar frá aðalfundi, **niðurstöðu stjórnarkjörs og fundargerð aðalfundar**
 - b) fjárhagsáætlun næsta árs
6. Ef deild framfylgir ekki **skyldum sínum** samkvæmt grein þessari getur stjórnin stöðvað greiðslur til hennar, sbr. 8. mgr. 13. gr.

Rökstuðningur: Með þessari breytingu næst aukinn sveigjanleiki hvað varðar fjármálaumsýslu, gagnaskil og uppgjör. Fjármálaumsýsla allra deilda hefur færst til landsskrifstofu og vænta má hagræðingar sem gefur tækifæri á að færa uppgjör frammar í tíma án þess að það komi niður á gæðum.

Tuttugasta og fyrsta breytingartillaga

Breyting á 1.tl. 19 gr. til samræmis við breytingar á 16. grein með það að markmiði að auka sveigjanleika varðandi uppgjör og þar með tímasetningar aðalfunda deilda.

1. tl. 19. gr. **Stjórn setur reglur um tímamörk fyrir aðalfundi deilda.**
Deildarstjórn boðar á tryggilegan hátt aðalfund með minnst 14 daga fyrirvara. Deildarstjórn getur skipað kjörnefnd sem undirbýr kjör stjórnar og skoðunarmanna í samræmi við lög félagsins.

Rökstuðningur: Þarfnast ekki skýringa.

Tuttugasta og önnur breytingartillaga

8.tl. 19 gr. Skoðunarmenn og varamenn þeirra skulu hafa þekkingu á reikningskilum. Ef skoðunarmaður er ekki löggiltur endurskoðandi skal kjósa tvo skoðunarmenn. Séu reikningskil endurskoðuð sbr. 4.tl. 16. gr. skal ekki kjósa skoðunarmenn.

Rökstuðningur: Ekki þarf skoðunarmenn fyrir endurskoðaðar rekstrareiningar. Breytt til samræmis við framkvæmd hjá samstæðu félagsins.

Tuttugasta og þriðja breytingartillaga

1.tl. 23. gr. nýtt ákvæði kemur í aðra setningu greinarinnar: *Tillaga um sameiningu skal auglýst í aðalfundarboðum deildanna **eða í boði á félagsfund, sbr. 12.tl. 19.gr.***

Rökstuðningur: Greinin er í mótsögn við ákvæði í 12. tl. 19. gr. þar sem fram kemur að heimilt sé að kjósa um sameiningu deilda á félagsfundi, líkt og á aðalfundi. Samkvæmt þessari grein er hins vegar einungis heimilt að kjósa um deildasameiningu á aðalfundi. Breytingin er til að tryggja samræmi milli greinanna tveggja og vilja stjórnar.

Tuttugasta og fjórða breytingartillaga

Ákvæði úr 8. tl. 8. gr., eru færð í 3. tl. 23. gr. í samræmi við elleftu breytingartillögu. Greinin verður svohljóðandi:

Stjórn Rauða krossins á Íslandi getur tekið yfir stjórnun eða lagt niður deild til bráðabirgða ef deildarstjórn segir af sér eða er óstarfhæf af einhverjum orsökum, starfar andstætt grunngildum hreyfingarinnar, lögum eða stefnu Rauða krossins á Íslandi. Stjórn er einnig heimilt að leggja niður deild hafi hún ekki haldið aðalfund í tvö ár og ekki skilað framkvæmdaáætlun, ársskýrslu eða ársreikningi. Komi til þess tekur stjórn yfir félagslega og fjárhagslega ábyrgð deildarinnar fram að næsta aðalfundi félagsins þar sem endanleg ákvörðun verður tekin um framtíð deildarinnar. Stjórn setur verklagsreglur um ofangreint.

Rökstuðningur: Verið er að sameina ákvæði úr tveimur greinum í eina, enda er nauðsynlegt að slíkar valdheimildir stjórnar séu skýrar og á einum stað í lögum. Þar sem valdheimildir stjórnar eru ríflegar í greininni er nauðsynlegt að um þær séu settar verklagsreglur.

Tuttugasta og fimmta breytingartillaga

Hefðbundin breyting á lokagrein laganna: *Þessi lög Rauða krossins á Íslandi voru samþykkt á aðalfundi félagsins hinn **9. maí 2026** og koma í stað fyrri laga og samþykkt fyrir félagið. Lög þessi öðlast þegar gildi.*

Rökstuðningur: Þarfnast ekki skýringa.